

Lýsing

4.-5. bekkur - 2025-2026

Almennt eru þemu og áherslur samþættar í íslensku, samfélagsgreinum og náttúrugreinum.

Námsefni: Orðspor 1, Arfurinn - Lesið upphátt, verkefnahefti og vinnubækur sem þjálfa lesskilning, orðaforða og málfræði.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Fyrirkomulag kennslu byggist einna helst á verkefna- og sjálfstæðri vinnu nemenda (einn eða fleiri saman). Kennari er leiðbeinandi, hann er með innlög/fyrirlestra þegar þess þarf. Áhersla er lögð á samþættingu á milli námsgreina og samfelli í námi. Nemendur vinna margvísleg verkefni til að dýpka þekkingu sína. Að lokum koma nemendur þekkingu sinni á framfæri með ýmsu móti. Lögð er áhersla á sam- og hópavinnu nemenda, gagnrýna hugsun, skapandi skil og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir hvers nemenda og í mörgum tilfellum getur námsefnið jafnvel verið í höndum nemenda þar sem þeir velja sitt efni út frá áhugasviði.

Nemendur hafa aðgang að námsefni á hljóðbókaformi þegar kostur er á.

Stuðst er við skapandi skil og kappkostað að kenna nemendum að notfæra sér þær bjargir sem til eru.

Frekari námsaðlögun er unnin í samvinnu með heimilum og nemendum sjálfum.

Námsmat

Námsmat er margþætt en hæfniviðmið eru metin sífellt yfir skólaárið. Nemendur fá lokamat í formi framvinduinkunnar í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Lokamat verður með fimm táknum: framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

Íslenska fyrir 4.-5. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Hæfnieinkunn
- Skrift
- Notar kennslustund vel til vinnu
- 4. bekkur: Þjálfist í upplestri fyrir litlu upplestrarkeppnina, beitir þar skýrum og áheyrilegum framburði.
- Nemandi getur kynnt það sem hann hefur skrifað og veitt öðrum hlutdeild með því hlusta eða lesa textann.
- Áhugasöm/áhugasamur
- Lýkur áætluðum verkefnum á réttum tíma

Íslenska fyrir 4.-5. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Metið nám sitt skipulega og tekið raunsæja afstöðu til eigin náms eða jafningja.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum, sýnt kurteisi og átt góð samskipti.
- Greint aðalatriði í máli/ritun; dregið saman og komið inntakinu frá sér (annað hvort munn- eða skriflega, í máli eða myndum).

Íslenska fyrir 4.-5. bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.

- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

Íslenska fyrir 4.-5. bekk - Ritun

- Getur skrifað skýrt og greinilega.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. T.a.m. stór/lítill stafur, nk/nk og notkun punkta.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Getur skrifað fjölbreyttan texta, s.s. fréttir, sendibréf, boðskort eða frásögn og leyft öðrum að njóta skrifanna.
- Samið texta frá eigin hjarta til að tjá hugmyndir sínar og reynslu, s.s. sögu, frásögn eða ljóð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Íslenska fyrir 4.-5. bekk - Málfræði

- Getur raðað í stafrófsröð.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og lýsingarorð orð; greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Getur fundið sagnorð í texta og sett þau í nútíð og þátíð.
- Notað fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða.
- Notar og skilur orðasambönd og málshætti í töluðu máli og rituðu.
- Þekkir lýsingarorð og getur stigbreytt þau.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

- Þekkir nafnorð (fundið kyn, tölu og greini) og getur fallbeygt þau (þekkir heiti falla).
- Getur búið til málsgreinar og byggt texta upp á eðlilegan máta (upphaf, meginmál og niðurlag)